

Alþingi

Erindi nr. D 120/1454

komudagur 16/4 1996

**Sameiginleg umsögn  
verkalýðsfélagana á Snæfellsnesi,  
þ.e. Aftureldingar á Hellissandi, Jökuls í Ólafsvík,  
Stjórnunnar í Grundarfirði og Verkalýðsfélags  
Stykkishólms**

Snæfellsnesi 15.04.1996

**Nefndadeild Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 REYKJAVÍK**

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.**

Óskað hefur verið umsagnar stéttarfélagana um ofangreint frumvarp um breytingar á vinnulöggjöfnni.

Verkalýðsfélögin Afturelding á Hellissandi, Jökull í Ólafsvík, Stjarnan í Grundarfirði og Verkalýðsfélag Stykkishólms hafa komið sér saman um sameiginlega umsögn sem fylgir hér á eftir:

Það er kunnara en að frá þurfi að segja að í lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, vinnulöggjöfnni, er lagður grunnur meginréttinda verkamanna og stéttarfélagana, að mannréttindum þeirra. Að áliti færustu sérfræðinga er þessum málum skipað að mestu leyti hér á landi eins og í öllum nágrannalöndum okkar, að svo miklu leyti sem réttindin eru ákveðin í lögum. Á grundvelli þessarar löggjafar gera aðilar vinnumarkaðarins kjarasamninga um lágmarkskjör, ýmis réttindamál og margs konar samskiptareglur.

Um lög nr. 80/1938 hefur ríkt sátt meðal þjóðarinnar og þau talin hafa reynst vel. Frumvarp það sem hér er leitað umsagnar á er aðför ríkisvalds að núgildandi samnings- og verkfallsrétti, umboði og hlutverki einstakra stéttarfélagana í kjaramálum umþjóðanda sinna, með það að markmiði, að því er best verður séð, að auka miðstýringu þessara mála og veikja verkalýðshreyfinguna.

Það verður að teljast all undarlegt, svo ekki sé meira sagt, að nú í lok tuttugustu aldarinnar skuli stjórnvöld á Íslandi koma fram með svo frumstæða útfærslu á lýðræði sem frumvarp þetta ber með sér. Það hlýtur að vera æði sérstæð reynsla fyrir menn sem telja sig lýðræðislega sinnaða að standa frammi fyrir því að greiða atkvæði inni á Alþingi Íslendinga með frumvarpi sem getur haft eftirfarandi í för með sér, svo dæmi séu tekin:

### **Dæmi I.**

Þriggja manna samninganefnd undirritar samning fyrir hluta af félagsmönnum stéttarfélags. Af þeim 5000 félagsmönnum sem samningurinn nær til greiða 30% atkvæði. Ekki einn einasti utan samninganefndarinnar greiðir samningnum atkvæði sitt og 1500 félagar, eða 99,8% þeirra sem taka afstöðu segja nei. Samningurinn teist samþykktur.

### **Dæmi II.**

Sáttasemjari leggur fram miðlunartillögu sem nær til 15.000 félagsmanna á tilteknu sviði. 40% taka þátt í afgreiðslu um miðlunartillögu: Já segja 1000, nei segja 4.999. Í venjulegum opnum kosningum þar sem meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum væri tillagan felld með 83% atkvæða gegn 17%. Niðurstaðan samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi: Tillagan samþykkt. Eitt atkvæði vantaði upp á að nei atkvæði fyltu þriðjunginn.

Það hlýtur að þurfa afar sérstæða útsærslu á lýðræðisást til að greiða atkvæði með framgangi frumvarps sem felur í sér annað eins og ofangreind dæmi sýna, enda er hér um að ræða fullkomlega andlýðræðislegar reglur um atkvæðagreiðslur sem stríða á móti vestrænum lýðræðishefðum.

Gegnum árin hafa verkalyðsfélögin haft fundi og atkvæðagreiðslur um hvað eina sem þeim kemur við og ekki síst um samninga og kjaramál eins og vera ber, og þá koma atkvæði þúsunda félaga í ljós.

Og það er ekki nema von að spurt sé um lýðræðið hjá samtökum atvinnurekanda um afgreiðslu á kjarasamningum, eru hluthafar fyrirtækja látnir greiða atkvæði, eða örfáir í stjórn V.S.L., tekur frumvarpið þetta fyrir? Ef svo er ekki, af hverju?

Í ályktun formannafundar ASÍ, sem haldinn var á Hótel Sögu föstudaginn 22. mars sl., segir í 3. mgr: "Formannafundur ASÍ telur að fyrirbyggjandi frumvarp sé árás á verkalyðshreyfinguna og hinn almenna félagsmann. Flestar hugmyndir í frumvarpinu rýra sjálfstæði stéttarfélaga og minnka völd einstaklinganna í verkalyðsfélögunum, þvert á það sem tillöguhöfundar þykjast stefna að. Frumvarpið byggir á vanþekkingu á málefnum íslensks vinnumarkaðar eins og marka má meðal annars af hugmyndum um vinnustaðafélög sem forsvarsmenn bæði samtaka launafólks og atvinnurekanda hafa varað við". Þessi orð eru hér áréttuð, enda voru allir formenn verkalyðsfélagsna á Snæfellsnesi meðal þeirra sem greiddu þessari ályktun atkvæði.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir sérstakri heimild til stofnunar stéttarfélaga starfsmanna fyrirtækis þar sem starfa 250 starfsmenn eða fleiri, enda óski 3/4 þeirra eflir því að gerast félagsmenn og fari það þá eitt stéttarfélag með samningsumboð fyrir starfsmenn. Í núgildandi lögum er svo sem ekkert sem komið hefur í veg fyrir stofnun slíkra vinnustaðafélaga. Markmiðið með setningunni: "Fer það þá eitt stéttarfélag með samningsumboð fyrir starfsmenn", virðist vera það eitt að gera atlögu að forgangsrettarákvæði í kjarasamningum og reka þar með fleyg í verkalyðshreyfinguna. Þetta ákvæði hefur ekkert með að gera "að draga úr miðstýringu og umboðsvanda, aukinn jöfnuð, samkennd (með hverjum?) innan fyrirtækja, vinnufriði og aukinni framleiðni í þágu heildarinnar o.s.frv., eins og höfundar frumvarpsins segja í athugasemdum við efni þess.

Því miður ber frumvarp þetta, sem hér er til umfjöllunar, merki þess að samráði aðila um samskipti á vinnumarkaðnum sé hafnað en yfirgangur þess í stað hafður að leiðarljósi.

Í október 1994 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra vinnuhóp til að kynna sér þróun samskiptareglna á vinnumarkaði í öðrum löndum og til að kanna hvort ástæða væri til að breyta reglum hér á landi.


Það liggur fyrir að ASÍ samþykkti að vera með í þeirri umræðu á þeirri forsendu að full sátt yrði um framlagðar tillögur.


Í nóvember 1995 var lögð fram áfangaskýrsla þessa vinnuhóps. Í niðuriagi þeirrar skýrslu segir: "Það er áréttað að hugmyndir í áfangaskýrslu vinnuhópsins þarf að ræða frekar áður en þær eru útfærðar nánar enda þarf viðtæk umræða að eiga sér stað um þetta málefni. Ýmis atriði sem tengjast þessum hugmyndum hafa auk þess ekki verið rædd til hlítar og má þar nefna miðlun sáttasemjara í vinnudeilum og vinnustaðaafyrirkomulag."

Við sem undir þessa umsögn ritum erum sammála þeirri skilgreiningu sem áður hefur fram komið að þetta ótímabæra frumvarp sem hér um ræðir hafi eitirfarandi í för með sér:

1. Andlýðræðislegar reglur um atkvæðagreiðslur.
2. Að það stuðli að fleiri, viðtækari og lengri verkföllum.
3. Að tiltekin séttarfélög verði lögvernduð, sem að er í andstöðu við við samþykktir aðþjóða vinnumálastofnunarinnar og félagafreisisákvæði Mannréttinda- og Félagsmálasáttmála Evrópu.
4. Að sáttasemjara séu færð óeðlilega mikil völd.
5. Að lýðræðisleg réttindi félaga verkalyðshreyfingarinnar skerðist.

Það er krafa þeirra sem að þessari umsögn standa að þetta frumvarp verði dregið til baka, og aðilum vinnumarkaðarins verði gefinn kostur á að semja um samskiptareglur sín á milli, svo mikilvægar sem þær eru, án hótunar um lagasetningu. Við hljótum að fylgjast grannt með hvert framhald þessa máls verður í meðförum Alþingis og hvernig menn koma til með að greiða því atkvæði, einkum og sér í lagi munum við fylgjast með því hvernig þingmenn þess kjördæmis sem Snæfellsnes er hluti af haga afstöðu sinni í þessu alvarlega máli, því verður seint og illa trúað upp á það ágæta fólk að það vilji stuðla að stríði á vinnumarkaði með því griðrofi sem að frumvarp þetta er.

  
F.h. V.I.f. Aftureldingar, Hellissandi

  
F.h. V.I.f. Jökuls, Ólafsvík

  
F.h. Stjórnunnar, Grundarfirði

  
F.h. V.I.f. Stykkishólmur

Samrit sent öllum þingmönnum og miðstjórn ASÍ